



SKÓGRÆKTARFÉLAG ÍSLANDS

Þórunnartúni 6, 105 REYKJAVÍK - SÍMI 551 8150 - FAX 562 7131
NETFANG skog@skog.is - VEFFANG skog.is

Stjórnarfundur Skógræktarfélags Íslands haldinn í Þórunnartúni 6, 105 Reykjavík, mánudaginn 7. maí 2018 kl. 16:30.

(Fundur nr. 10 frá Stórutjarnarskóla)

Mætt: Jónatan Garðarsson, Valgerður Auðunsdóttir, Jens B. Baldursson, Þuríður Yngvadóttir, Guðbrandur Brynjúlfsson, Kristinn H. Þorsteinsson, Laufey Hannesdóttir, Brynjólfur Jónsson sem ritaði fundargerð og Páll Ingþór Kristinsson í mynd sambandi. Auk þess sátu fundinn Hrefna Einarsdóttir (undirbúningur Aðalfundar) og Ragnhildur Freysteindóttir (greindi frá stjórnarfundum Yrkjusjóðsins).

Dagskrá fundar

Formaður kvaddi sér hljóðs í upphafi fundar og vakti athygli á stórafmæli, þ.e. sjötugsafmæli Guðbrandar Brynjúlfssonar og óskaði honum innilega til hamingju og afhenti honum fallegan gráöl ættaðan frá Hornindalsvatni inn af Norðurfirði í vestur-Noregi. Stjórnin tók svo undir með afmællissöng um leið og bornar voru fram „hnallþóru“ í tilefni tímamótanna.

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar

Samþykkt með smávegis orðalagsbreytingum.

2. Stefnumótunarvinna – lokadrög

Stefnumótunardrög lesin gaumgæfilega yfir og nokkrar orðalagsbreytingar og tilfærslur gerðar jafnóðum. BJ og AS bæti við skýringum þar sem þær vantar. Ákveðið að skjalið verði síðan sent á formenn skógræktarféлага og þeim ætlað að kynna fyrir sinni stjórn og gefinn frestur, um tvær vikur, til ábendinga.

Þá verður skjalið til umræða á Aðalfundi í ágúst/ sept. Spurning hvort lögð verði vinna í að hanna og útfæra skjalið með myndefni.

3. Sjálfboðaliðar á Úlfljótsvatni

Sagt frá komu nýrra sjálfboðaliða og veru þeirra á Úlfljótsvatni. Þar verða m.a. gróðursettar um 60 þúsund trjáplöntur á vegum Kolviðar auk annarra verkefna og heimsóknna auk vinnuferða til aðildarféлага víðsvegar um land.

4. Yrkjusjóður

Ragnhildur sagði frá fundi Yrkjusjóðsins sem jafnframt var fyrsti fundur nýs formanns, Andra Snæs Magnasonar, en Vigdís Finnbogadóttir tilnefndi hann sem formann sjóðsins í byrjun árs. Heildartekjur námu 2,4 milljónum króna og gjöld rúmlega 2,8 milljónum króna. Heildar eignir umfram skuldir eru rúmlega 82,6 milljónir króna. Til ráðstöfunar eru samkvæmt skipulagsskrá rúmlega 4,5 milljónir króna. Hátt í 100 skólar hafa óskað eftir fyrirgreiðslu sjóðsins og telur uppgefinn nemendafjöldi á sjöunda þúsund. Gert er ráð fyrir að veita allt að 1,6 milljónum króna til plöntukaupa.

5. Aðalfundur – undirbúningur og staða

Kristinn og Hrefna sögðu frá undirbúningi Aðalfundar S.Í., sem haldinn verður 31. ágúst – 02. september á Stracta Hótelu Rangárvöllum. Undirbúningur langt kominn. Fyrirhugaður er fundur Hreins Óskarssonar og stjórnar Rangæinga um fyrirlesara. Uppástunga kom um einn fyrirlestur, sem fjallar um nýtingu timburafurða. Fyrirlesari væri Björn Steinar Blumenstein, hönnuður sem hefur góðar og framsæknar hugmyndir um tengingu hönnunargeirans við skógræktargeirann.

6. Athugasemd við fjárlagaáætlun ríkisstjórnar 2019-2025

Jónatan sagði frá sameiginlegri vinnu Skógræktarfélags Íslands, Skógræktarinnar og Landssambands skógareigenda. Unnið hefur verið töluvert „lobby“ starf að undanfögnu vegna fjórföldunar skógræktar sem kynnt var í marsmánuði sl. Nýlega var send tillaga ofangreindra aðila um breytingar við kafla 3 á bls. 273 í fjármálaáætlun, „Framtíðarsýn og meginmarkið“. Einnig hefur verið útbúið bréf og sent á fjölda þingmanna frá sömu aðilum. Í bréfinu eru lagðar til beinar tillögur inn í fjárlagagerð næsta árs sem enn og aftur tengjast kröfum um fjórföldun skógræktar.

7. Fagráðstefna 2018 á Akureyri

Nokkuð var rætt um fyrirlestra og lærdóm sem draga má af sl. fagráðstefnu sem haldin var í Hofi á Akureyri í mars sl. Ráðstefnan var góð og margar áhugaverðar niðurstöður kynntar. Mæting var góð, m.a. ungt fólk frá Hvanneyri og Hveragerði auk umhverfisskorar HÍ.

8. Landgræðslusjóður – sagt frá úthlutun

Guðbrandur sagði frá stjórnarfundum Landgræðslusjóðs miðvikudaginn 25. apríl. Rúmlega 9 milljónir eru til úthlutunar úr sjóðnum í ár. Um fimmtán skógræktarfélag hafa sótt um styrki sem nema rúmlega 31 milljón króna. Fyrirhugað að úthluta til þeirra 7,8 milljónum króna. Þá eru tvær aðrar umsóknir sem hafa verið afgreiddar. Jákvæð rekstrarniðurstaða var af sjóðnum í ár sem nemur 6,8 milljónum króna. Verðbréfaeign sjóðsins nemur 293 en eignir samtals nema 378 milljónum.

9. Önnur mál.

Nokkuð var rætt um heiðursfélaga S.Í. en þeir eru nú átta talsins og þar af all flestir um og yfir nírrætt. Rætt um stórhátíð í Reykholti 2. júní n.k. þar sem m.a. verður skrifað undir samning um mikið land í Reykholti sem gert er ráð fyrir að verði tekið til skógræktar.

Stjórnarfundur slitið 18:40

Næsti fundur: Mánudaginn 11. júní